


Nefndasvið Alþingis  
B.t. umhverfisnefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 13. mars 2008

### Umsögn Landverndar um þingsályktunartillögu um lagningu raflína í jörð

Landvernd fagnar þessari tillögu um lagningu raflína í jörð þar sem háspennulínur eru víða lýti í landslagi. Þó ber hér að hafa í huga og það er að jarðstrengjum fylgir óhjákvæmilega nokkurt jarðrask og líklega meira en það sem jafnan fylgir háspennulínunum að því gefnu að vandað sé til vegagerðarinnar sem fylgir háspennulínunni. Sár eftir vegi, þ.m.t. línuvegi, og annað jarðrask, s.s. skurði fyrir jarðstrengi, eru óafturkræf við tilteknar aðstæður, s.s. þegar farið er í gegnum hraun. Því kunna að vera tilvik þar sem loftínur eru æskilegri kostur út frá náttúruverndarsjónarmiðum en það þarf þá að vega og meta á móti áhrifum á landslag.



Ýmsir hafa fundið þessari ágætu þingsályktunartillögu flest til foráttu og bent á að jarðstrengir séu mun dýrari en loftínur. Eins og sjá má á myndinni hér til hliðar þá á það einkum við þegar um háa spennu er að ræða og fer verðmunur vaxandi eftir því sem flutningseta eykst.

Til dreifingar á raforku til heimilisnota og fyrir almennan atvinnurekstur þarf sjaldnast meira en 132 kV spennu. Fyrir afl af þeirri stærðargráðu virðst verðmunur viðráðanlegur og fer eftir því sem best verður að komist minkandi á næstu árum. Hærrí spennu þarf helst fyrir stórnotendur.


Í þessu ljósi vekur nokkra furðu hvernig orkufyrirtækin hafa í umræðu um þessa tillögu talað eins og hér sé um kostnaðarauka sem samfélagið eða almenningur eigi að bera. Sjónarmið af því tagi koma m.a. fram í ályktun frá aðalfundi Samorku<sup>1</sup>. Ályktunin er um margt góð nema hvað að þar er í umfjöllun um kostnaðarauka ekki tilgreint að kostnaðaraukinn sé fyrst og fremst vegna stórnotenda. Í ályktuni segir að: „viðbúið [sé] að slík framkvæmd hefði í för með sér verulega hækkun raforkuverðs.“ Þessari setningu hefði þurft að ljúka á orðunum „til stórnotenda“ enda algjörlega óviðeigandi að kostnaði sem hlýst af uppbyggingu stóriðju sé vellt yfir á almenning. Núverandi niðurgreiðsla er slík að ekki er á bætandi því eins og kunugt er þá eru ítrekaðar ábendingar OECD enn í dag hundsáðar og orkuðflun fyrir stóriðju fær óhindruð að ganga á höfuðstól þjóðarinnar sem fólgin er í náttúruverðmætum án þess að lagt sé mat á verðmætin.

<sup>1</sup>[www.samorka.is/Apps/WebObjects/Samorka.woa/1/wa/dp?detail=1000336&id=1000001&wosid=JVd7kRoJspj7h6p31jSI0](http://www.samorka.is/Apps/WebObjects/Samorka.woa/1/wa/dp?detail=1000336&id=1000001&wosid=JVd7kRoJspj7h6p31jSI0)

Samskonar sjónarmið komu fram í grein forstjóra Landsnets í Morgunblaðinu 21. desember s.l., þar segir m.a.: „Ef samfélagið er reiðubúið að greiða fyrir þann viðbótarflutningskostnað sem fylgir aukinni notkun jarðstrengja, þá er það ekki hlutverk Landsnets að standa gegn þeirri kröfu.<sup>2</sup>“ Hér virðist Landsnet líta á það sem hlutverk sitt að standa vörð um hagsmuni stóriðjunnar, því eins og áður hefur verið bent á þá er kostnaðarauki af jarðstrengum í stað loflína óverulegur þegar um raforku fyrir „samfélagið“ sem slíkt, að frátöldum stórnótendum, er að ræða. Það er sanngirnismál að raforkuverð til stórnótenda sé nógu hátt til þess að standa undir því að orkuflutningum sé hátt að þannig að sátt sé um.

Eftir því sem spennan er lægri því meiri orka tapast við flutninga. Þetta hefur í för með sér að þegar orka er flutt vegalendir kann að vera hyggilegt að hafa háa spennu, jafnvel þó ekki sé um stórnótendur að ræða. Í slíkum tilfellum kann að vera æskilegt að horfa til þess að flytja orku á jafnstraumi í stað ríðstraums eins og tíðkast í dag. Til þess að lágmarka orkutap, landslags- og jarðrask er þó æslilegast að nýta orkuna sem næst upprunanum. Til þessa hefur að mestu leyti verið horft til áliðnaðar, sem er hafnsækin starfsemi og krefst þess að orkan sé flutt frá orkuveri að höfn. Ef horft væri til orkufrekrar starfsemi sem ekki er hafnsækin þyrfti ekki að flytja jafn mikla orku jafn langar vegalendir og þegar um hafnsækna starfsemi er að ræða. Þetta getur t.d. átt við um netþjónabú þar sem gögnin má flytja að búinu með ljósleiðara sem skilur lítil ummerki eftir sig. Þá er rétt að halda því til haga að orkupörf „stórra“ netþjónabúa er ekki nema um 1/10 af orkupörf „lítilla“ álvera. Fyrir notendur af þeirri stærðargráðu er hægt að leggja jarðstrengi án þess að því fylgi viðlíka kostnaðarauki og þegar um stórnótanda á borð við álver er að ræða.

Með vinsemi og virðingu,

  
Bergur Sigurðsson,  
framkvæmdastjóri Landverndar

<sup>2</sup> <http://www.landsnet.is/index.aspx?Groupid=35&tabid=39&NewsItemID=1545&ModulesTabsId=46>